

Fjarðabyggð
Laufey Þórðardóttir
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

mrn@mrn.is
545 9500

Sölvhólsgötu 4,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 21. desember 2022
Tilv.: MRN22110184/6.22.0

Vísað er til umsóknar, dags. 28. nóvember 2022, um undanþágu frá skilyrðum um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu á grundvelli 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga.

Í 1. mgr. 11. gr. er að finna meginregluna um að í umdæmi hvernar barnaverndarþjónustu skulu vera í það minnsta 6.000 íbúar. Þó er skv. 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga heimilt að víkja frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda ef ekki næst samstarfsgrundvöllur milli sveitarfélaga.

Að mati mennta- og barnamálaráðuneytisins uppfyllir Fjarðabyggð skilyrði 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga til að fá undanþágu frá lágmarksíbúafjölda. Við túlkun ákvæðisins hefur ráðuneytið litið til þess að barnaverndarþjónustur eru að taka til starfa í fyrsta sinn og margar nýjungar hjá sveitarfélögum sem þarf að innleiða. Ráðuneytið hefur því ákveðið að veita sveitarfélaginu undanþágu til 1. janúar 2024. Rétt er að upplýsa sveitarfélagið um að á næsta ári hyggst ráðuneytið gera ríkari kröfur til þess að sveitarfélög sýni fram á að þau hafi leitað eftir samstarfi um barnaverndarþjónustu í stærri umdæmum.

Umsóknir um endurnýjaða undanþágu skulu berast mennta- og barnamálaráðuneyti fyrir 1. nóvember 2023. Auk uppfærðra upplýsinga um næga fagþekkingu innan barnaverndarþjónustu skulu umsókn fylgja upplýsingar um formlegar umleitanir sveitarfélagsins til að ná samstarfi um barnaverndarþjónustu á svæði sem telur 6.000 íbúa.

Sveitarfélaginu Fjarðabyggð er veitt undanþága frá lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu til 1. janúar 2024.

Fyrir hönd ráðherra


Anna Tryggvadóttir


Áslaug Magnúsdóttir

